

**54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og
amtmannanna á Íslandi, um viðbæti við lyfjaskrána
1869.**

1871.
27. júní.

Til samtengingar við bréf stjórnarráðsins 28. septbr. f. á.¹ sendum vör yður (tit.) nokkur exemplör af öðrum viðbæti við lyfjaskrána 1869, og mælumst vör til, að þér sendið lyfsölum og læknum þeim í suðurumdæminu (norður- og austurumdæminu — vesturumdæminu), sem sjálfir láta af hendi lækningameðöl, hverjum eitt exemplar.

**55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
norður- og austurumdæminu, um kornlán handa
tveimur hreppum í Þingeyjarsýslu.**

27. júní.

Í bréfi 27. febr. þ. á. hefir amtið skýrt frá, að það samkvæmt ítarlegum tilmælum sýslumannsins í Þingeyjarsýslu hafi leyft honum, til að afstýra hallæri í Svalbarðs- og Sauðaneshreppum, að útbyta meðal þessara hreppsúa 20 tunnum af korni, sem samkvæmt skipun fyrrum amtmanns Havsteins voru keyptar til þessa, gegn því, að hrepparnir ábyrgist, að verð kornsins, 200 rd., verði borgað innan hæfilegs frests; en samkvæmt skýrslum þeim, sem seinna hafa komið frá sýslumanninum um fátækt manna þar í hreppunum, álitur amtið samt, að það muni vera árangurslaust, að heimta skuldina, og hefir því stungið uppá, að kornverð þetta verði talið með endilegum útgjöldum jafnaðarsjóðsins og gjörð grein fyrir þessu í reikningnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörði það, að stjórnarráðið, eptir því, sem ástatt er, fellst á uppástungu amtsins.

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 100.